

Sp. 150. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um tilraunageymi til veiðarfærarannsóknna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur Björnsson, Helgi Seljan, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna í samráði við Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnunina möguleika þess, að hér á landi verði komið upp tilraunageymi til veiðarfærarannsóknna. Skal könnun þessi m. a. beinast að stofn- og rekstrarkostnaði slíkrar rannsóknarstarfsemi, hugsanlegri þátttöku hagsmunaaðila þar að og að stjórnun og staðsetningu slíkrar rannsóknarstarfsemi.

Greinargerð.

Búnaður sá, sem hér um ræðir, er löngu þekktur og hefur m. a. verið í notkun í nágrannalöndum okkar um langt árabil. Tilraunageymar þessir eru af ýmsum stærðum og gerðum og verð þeirra að sama skapi mismunandi.

Lengst munu Japanir komnir í framleiðslu og notkun slíks búnaðar, enda hefur komið í ljós að ótrúlega margir aðilar telja sig njóta góðs þar af.

Veiðarfæraframleiðendur, útgerðarmenn, fiskimenn ásamt vísinda- og rannsóknarmönnum úr ýmsum greinum teljast til þessa hóps.

Ekki er að efa að skólar skipstjórnarmanna hér á landi ásamt samtökum þeirra, samtök útgerðarmanna, innlendir veiðarfæraframleiðendur, netagerðarmenn, ýmsir verkendur sjávarafila, ásamt vísinda- og rannsóknarmönnum, mundu fagna og hafa hag af því, að slíkur búnaði yrði komið upp hér á landi.

Áhugasamir námsmenn á sviði sjávarútvegs hafa á síðustu árum haslað sér völl í háskólanámi ýmissa greina, sem varða fiskveiðar og þjónustu og vísindarannsóknir sem að baki þeim standa. Einn þeirra er Jónas Hallgrímsson sem hefur lokið háskólanámi í veiðarfæragerð í Japan.

Fylgir umsögn hans um mál þetta með greinargerð þessari.

Enn fremur vilja flm. benda á grein í Ægi, riti Fiskifélags Íslands, eftir Hans Sigurjónsson skipstjóra (11. tbl. 1974).

Fylgiskjal.

Nokkur orð um notagildi vatnsflæðistanka til tilrauna og athugana á veiðarfærum.

Í grundvallaratriðum byggjast athuganir á veiðarfærum í flæðistönkum á því, að líkön eru gerð af viðkomandi veiðarfæri eftir sérstökum umreikningsreglum.

Athuganir þessar má gera með mikilli nákvæmni, þar sem hægt er að skapa margvíslegar aðstæður, sem illmögulegt er að gera athuganir við á hafinu sjálfu.

Stærð tanksins er ekki aðalatriði. Góða útkomu má fá úr tanki af stærðargráðunni 1:50 til 1:150. Best er þó að líkanið sé sem stærst.

Reynsla mín af flæðistönkum er sú, að þeir eru mjög auðveldir í notkun, viðhald er lítið og búnaður allur er einfaldur.

Um margvíslegt notagildi þessara tanka er álit mitt það að þeir séu bráðnauðsynlegt kennslutæki fyrir sjómanskóla svo ekki sé minnst á netagerðarmenn, fyrir utan hve þeir munu auðvelda allar endurbætur og kostnaðarsamar tilraunir með veiðarfæri.

Jónas Hallgrímsson
veiðarfæraverkfr.